

Reglugerð um úrvinnslu ökutækja.

1. gr. Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að endurnotkun, endurvinnslu eða annars konar endurnýtingu úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra til að draga úr förgun úrgangs.

2. gr. Gildissvið.

Reglugerðin tekur til ökutækja og úr sér genginna ökutækja, þar með taldir íhlutir og smíðaeefni.

Ákvæði 6., 7. og 8. gr. eiga einungis við um ökutæki í flokki M1 eða N1, sbr. 1. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, sem og létt bifhjól á þremur hjólum.

3. gr. Skilgreiningar.

Endurnotkun: Hvers kyns notkun þar sem úr sér gengin ökutæki og íhlutir þeirra eru notaðir í sama tilgangi og þeir voru upphaflega ætlaðir.

Endurnýting: Hvers kyns nýting á úr sér gengnum ökutækjum eða íhlutum, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.

Endurvinnsla: Endurframleiðsla vegna úr sér genginna ökutækja eða íhluta til upprunalegra eða annarra nota, þó ekki orkuvinnsla.

Förgun: Aðgerð eða ferli þar sem úr sér gengnum ökutækjum er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega s.s. brennsla og urðun úrgangs.

Hreinsun: Aðgerðir sem miða að því að fjarlægja spilliefni og hættuleg efni úr úr sér gengnum ökutækjum.

Móttökustöð: Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar úrvinnslu. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Dæmi um söfnunarstöðvar eru gámastöðvar sveitarfélaga þar sem einungis er tekið á móti úr sér gengnum ökutækjum og þau síðan flutt þaðan til úrvinnslu.

Tætari: Hvers kyns búnaður sem er notaður til að tæta ökutæki í stykki eða brot, þar með talið í þeim tilgangi að fá brotamálm beint til endurvinnslu.

Upplýsingar um sundurhlutun: Allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi rétta og umhverfisvæna úrvinnslu úr sér genginna ökutækja.

Úr sér gengin ökutæki: Ökutæki sem eru úrgangur.

Úrgangur: Hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráðir eru á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Úrvinnsla úr sér genginna ökutækja: Hvers kyns aðgerðir sem eru framkvæmdar til endurnotkunar, endurnýtingar og/eða förgunar úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra s.s. hreinsun, sundurhlutun, sundurskurður, tæting, endurnýting og meðhöndlun tætarárgangs (tróðs).

Ökutæki: Öll ökutæki sem bera úrvinnslugjald, sbr. lög um úrvinnslugjald, og létt bifhjól á þremur hjólum.

4. gr.

Söfnun ökutækja.

Skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skal skila úr sér gengnu ökutæki til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi til að meðhöndla slíkan úrgang.

Sveitarstjórn skal tryggja aðgang að söfnunar- eða móttökustöð fyrir úr sér gengin ökutæki sem falla til í sveitarfélaginu.

5. gr.

Starfsleyfi.

Móttaka og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja er háð starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar. Viðkomandi heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og bílapartasölur.

6. gr.

Úrvinnsla ökutækja.

Geymsla og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja skal vera í samræmi við almennar kröfur í lögum um meðhöndlun úrgangs, reglugerðir settar samkvæmt þeim, og í samræmi við lágmarks kröfur, sem settar eru fram í I. viðauka. Þeir sem einungis taka á móti úr sér gengnum ökutækjum skulu uppfylla kröfur sbr. 1. lið I. viðauka en þeir sem sjá um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja, þ.m.t. hreinsun sbr. 3. lið, skulu uppfylla kröfur sbr. 2. lið, I. viðauka.

Hreinsun úr sér genginna ökutækja skal framkvæma eins fljótt og mögulegt er.

Fylgja skal að lágmarki þeim kröfum um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja sem getið er um í 3. og 4. lið I. viðauka áður en ökutækið er sett í tæta til endurvinnslu, eða sent til útlanda í sama tilgangi. Fjarlægja skal lausa hluti með þeim hætti að tryggt sé að hægt sé að endurnota eða endurnýta þá. Hættuleg smíðaeefni og íhluti skal fjarlægja og aðgreina á þann hátt að tætaúrgangur mengist ekki.

7. gr.

Upplýsingar um sundurhlutun ökutækja.

Framleiðendur eða innflytjendur ökutækja og íhluta þeirra skulu koma á framfæri upplýsingum varðandi sundurhlutun þeirra, t.d. með handbókum eða rafrænum miðlum, til aðila sem sjá um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja. Þessar upplýsingar skulu vera tiltækar í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að ökutæki eða íhlutir þeirra eru settir á markað til að tryggja rétta úrvinnslu úr sér genginna ökutækja sem ekki skaðar umhverfið. Í þessum upplýsingum skal auðkenna hættuleg smíðaeefni, íhluti og staðsetningu allra spilliefna í ökutækinu til að auðvelda þeim sem sjá um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar, m.a. með hliðsjón af meginreglum í reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

8. gr.

Upplýsingagjöf.

Þeir sem taka á móti eða sjá um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra skulu halda skrá yfir fjölda og þyngd þeirra. Einnig skal halda skrá yfir magn, tegund og samsetningu úrgangs sem fellur til og hvernig honum er ráðstafað. Heimilt er að nota upplýsingar um þyngd ökutækja sem gefin er upp í skráningarskírteini þess.

Halda skal skrá yfir gerð og magn spilliefna og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Aðilar samkvæmt 1. mgr. skulu fyrir 1. mars ár hvert, senda viðkomandi heilbrigðisnefnd útfyllt eyðublað sbr. II. viðauka, þar sem gerð er grein fyrir fjölda úr sér genginna ökutækja sem tekið var á móti á almanaksári þar á undan, heildarþyngd þeirra, hreinsun og sundurhlutun. Tilgreina skal hvaða efni voru hreinsuð úr ökutækjum og hvernig úrgangi var ráðstafað. Bílapartasölur skulu fylla út töflur 1 og 3 í II. viðauka en aðrir aðilar skv. 1. mgr. fylla út töflur 2 og 3 í II. viðauka.

Heilbrigðisnefndir skulu taka saman upplýsingar þær sem getið er um í 3. mgr. og senda Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.

9. gr.

Förgun.

Um förgun úr sér genginna ökutækja gilda að öðru leyti lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

10. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með móttökustöðvum. Með sérstöku samkomulagi við Umhverfisstofnun, sem ráðherra staðfestir, getur heilbrigðisnefnd tekið að sér að sinna að hluta eða að öllu leyti eftirliti með móttökustöðvum. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

11. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun 2000/53/EB, sem vísað er til í tl. 32e, V. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun nr. 162/2001, þann 12. desember 2001, sem var síðar breytt með ákvörðun nr. 92/2003, þann 12. júlí 2003. Einnig var höfð til hliðsjónar ákvörðun 2005/293/EB, sem vísað er til í tl. 32ed, V. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun nr. 14/2006, þann 28. janúar 2006.

Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 12. mars 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. Viðauki

Lágmarkskröfur um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja.

1. Geymslustaðir eða tímabundin geymsla úr sér genginna ökutækja áður en úrvinnsla á sér stað annars staðar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Svæði geymslustaðar skal vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.

Stæði skulu steipt eða malbikuð og afrennsli tengt olíuskilju og/eða sandfangi.

2. Aðilar með starfsleyfi fyrir úrvinnslu úr sér genginna ökutækja, svo sem móttökustöðvar, söfnunarstöðvar og bílapartasalar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Svæðið þar sem starfsemin fer fram skal vera með ógegndræpu yfirborði, malbikuðu eða steiptu, og afrennsli tengt olíuskilju og/eða sandfangi. Það skal einnig vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.

Söfnunarþrær skulu athugaðar og tæmdar með reglulegu millibili.

Hentug geymsla skal vera á staðnum fyrir varahluti sem hafa verið fjarlægðir úr ökutækjum, þar með talin geymsla úr ógegndræpu efni fyrir varahluti sem eru olímengaðir.

Hentug ílát skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum, óháð því hvort raflausnin er gerð hlutlaus á staðnum eða ekki, síum og þéttum sem innihalda PCB/PCT-efni.

Hentugir geymar skulu vera til staðar, til aðgreindrar geymslu á vökvum frá úr sér gengnum ökutækjum; eldsneyti, smurolíu, gír- og drifolíu, vökvakerfisolíu, kælivökva, ísvara, hemlavökva, vökva úr loftkælingum, rafgeymasýru og öllum öðrum vökvum sem fyrirfinnast í ökutækjum.

Frárennsli frá húsum og plönum þar sem úrvinnsla úr sér genginna ökutækja fer fram og þar sem meðhöndlun olíuúrgangs og spilliefna fer fram eða þau eru geymd skal vera lokað. Öll spilliefni sem kunna að fara niður skal leiða í söfnunarþrær þannig að mögulegt sé að ná þeim aftur.

Hentug geymsla skal vera fyrir notaða hjólbarða. Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn eldhættu.

3. Hreinsun úr sér genginna ökutækja:

Rafgeymar skulu fjarlægðir.

Íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimrir, t.d. öryggispúðar, skulu fjarlægðir eða gerðir óvirkir.

Eldsneyti, smurolía, gír- og drifolía, vökvakerfisolía, kælivökvi, ísvári, hemlavökvi, vökvi úr loftkælingum og allir aðrir vökvar sem fyrirfinnast í ökutækjum skulu fjarlægðir og safnað sérstaklega saman og geymdir nema þeir séu nauðsynlegir vegna endurnotkunar viðkomandi hluta.

Allir íhlutir sem vitað er að innihalda kvikasilfur skulu fjarlægðir eftir því sem unnt er. Alla íhluti sem innihalda kvikasilfur, blý, kadmíum eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir skal fjarlægja áður en frekari úrvinnsla fer fram.

4. Úrvinnsla úr sér genginna ökutækja:

Hvatar skulu fjarlægðir.

Raftæki, svo sem bílútörp, staðsetningartæki og farsímar, skulu fjarlægð.

Hjólbarðar skulu fjarlægðir ef þeir eru ekki aðgreindir við tætingu.

Íhlutir úr málmi, sem innihalda kopar, ál og magnesíum, skulu fjarlægðir ef þessir málmar eru ekki aðgreindir við tætingu.

Gler og stórir íhlutir úr plasti, svo sem stuðarar, mælaborð og vökvageymar skulu fjarlægðir ef þessi smíðaeefni eru ekki aðgreind við tætingu.

5. Úr sér gengin ökutæki skal geyma þannig að komist verði hjá því að íhlutir sem innihalda vökva, endurnýtanlegir íhlutir eða varahlutir skemmist og möguleikar til endurnýtingar eða endurvinnslu minnki.

II. Viðauki

Eyðublað um úr sér gengin ökutæki.

Fyrirtæki:	
Heimilisfang	
Ábyrgðarmaður:	
Símanúmer:	
Ár:	

Tafla 1: Endurnotkun.

Bílapartasölur með starfsleyfi vegna úrvinnslu úr sér genginna ökutækja þ.m.t. hreinsun, niðurrif og sundurhlutun þeirra.

	Fjöldi	Heildarþyngd (kg)
1. Ökutæki móttækin á tímabilinu		
2. Magn sem fjarlægt er við hreinsun og úrvinnslu¹⁾	XXXXX	
3. Ökutæki send áfram til frekari úrvinnslu		

¹⁾ Nánari upplýsingar um hreinsun ökutækja, gerð og magn efna skal gefa upp í töflu 3.

Tafla 2: Endurnýting.

Geymslustaðir og aðilar með starfsleyfi fyrir úrvinnslu úr sér genginna ökutækja.

	Fjöldi	Heildarþyngd (kg)	Ráðstöfun ²⁾
1. Ökutæki móttækin á tímabilinu			
2. Magn sem fjarlægt er við hreinsun og úrvinnslu ¹⁾	XXXX		XXXXXXXXXXXX
3. Ökutæki pressuð			
4. Ökutæki í tætarar		Málmar	Ferrous
			Non ferrous
		Dekk	
		Tróð	

¹⁾ Nánari upplýsingar um hreinsun ökutækja, gerð og magn efna skal gefa í töflu 3.

²⁾ Vegna 1. liðs: Ef eingöngu er um geymslustað að ræða sem ekki framkvæmir neina úrvinnslu úr sér genginna ökutækja, skal gera grein fyrir hvert úr sér gengin ökutæki voru send til úrvinnslu.

Vegna 2. liðs: Gera skal grein fyrir magni sem fjarlægt er við hreinsun og úrvinnslu í töflu 3.

Vegna 3. liðs: Gera skal grein fyrir hvað verður um úr sér gengin ökutæki eftir pressun og hvert er hlutfall endurnotkunar, endurnýtingar, endurvinnslu og förgunar.

Vegna 4. liðs: Sama gildir fyrir úr sér gengin ökutæki sem fara í tætarar. Gera skal grein fyrir því hvað verður um mismunandi strauma úr tætarar og áætla heildarmagn hvers straums fyrir sig, þ.e. hversu mikill hluti eru málmar, gúmmí eða tróð og hvað af því er endurnotað, endurnýtt eða endurunnið og hversu miklu er fargað.

Tafla 3:

Allir aðilar sem sjá um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja.

Hreinsun skv 3. lið I. viðauka	Heildarmagn (kg)	Ráðstöfun			
		Endurnotkun	Endurnýting	Endur- vinnsla	Förgun
Allir vökvar (aðrir en eldsneyti)					
Vökvasiur					
Rafgeymar					
Önnur efni sem fjarlægð eru við hreinsun					
Samtals					
Úrvinnsla sem stuðlar að endurnýtingu eða endurnotkun	Heildarmagn (kg)	Ráðstöfun			
		Hjólbarðar			
Hvatar					
Stórir plasthlutir					
Gler					
Málmhlutir					
Aðrir íhlutir sem fjarlægðir eru við úrvinnslu ökutækis (t.d. varahlutir)					
Samtals					

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.